

## Skemmtipáttur eða söguleg heimild?

- Birtingarmynd hins pólitíska landslags Evrópu í Söngvakeppni evrópskra sjónvarpsstöðva á árunum 1990-2019

---

Steinunn Björk Bragadóttir

### HUG- OG FÉLAGSVÍSINDASVIÐ

Lokaverkefni til BA-gráðu í fjölmiðlafræði

Félagsvísindadeild

Mái 2021

# Skemmtipáttur eða söguleg heimild?

Birtingarmynd hins pólitísks landslags Evrópu í  
Söngvakeppni evrópskra sjónvarpsstöðva á árunum  
1990-2019

Steinunn Björk Bragadóttir

6 eininga lokaverkefni  
sem er hluti af  
Baccalaureus Artium-prófi í fjölmiðlafræði

Leiðbeinandi  
Páll Björnsson

Félagsvísindadeild  
Hug- og félagsvísindasvið  
Háskólinn á Akureyri  
Akureyri, maí 2021

Titill: Skemmtipáttur eða söguleg heimild?

Stuttur titill: Birtingarmynd hins pólitíska landslags Evrópu í Söngvakeppni evrópskra sjónvarpsstöða á árunum 1990-2019.

6 eininga bakkalárprófsverkefni sem er hluti af Baccalaureus Artium-prófi í fjölmiðlafræði.

Höfundarréttur © 2021 Steinunn Björk Bragadóttir

Öll réttindi áskilin

Félagsvísindadeild

Hug- og félagsvísindasvið

Háskólinn á Akureyri

Sólborg, Norðurlóð 2

600 Akureyri

Sími: 460 8000

Skráningarupplýsingar:

Steinunn Björk Bragadóttir, 2021, bakkalárprófsverkefni, félagsvísindadeild, hug- og félagsvísindasvið, Háskólinn á Akureyri, 38 bls.

Prentun: Reykjavík, Ísland

Reykjavík, maí 2021

# Ágrip

Ritgerð þessi fjallar um hvernig pólitískt landslag Evrópu endurspeglast í sjónvarpsviðburðinum Söngvakeppni evrópskra sjónvarpsstöðva, öðru nafni Eurovision. Til hliðsjónar var höfð sú regla Sambands evrópskra sjónvarpsstöðva að Söngvakeppnin sé með öllu ópólitískur sjónvarpsviðburður og að ríkisreknar sjónvarpsstöðvar þáttökulandanna skuli gera allt sem í þeirra valdi stendur til að viðhalda keppninni sem slíkri. Tilgangur ritgerðarinnar er að sýna fram á að Söngvakeppni evrópskra sjónvarpsstöðva sé ekki einungis árlegur sjónvarpsviðburður til dægrastyttingar, heldur endurspegli keppnin bæði menningarlega og pólitíska sögu Evrópu. Aðalmarkmið ritgerðarinnar er að kanna hvernig birtingarmynd hins pólitíska landslags Evrópu kemur fram í keppninni. Farið var yfir þróun keppinnar frá árinu 1990 til 2019 og fundin dæmi um pólitísk áhrif, annars vegar um áhrif pólitískra atburða á keppnina og hins vegar um atvik með pólitískri skírskotun í keppninni sjálfri.

Niðurstöður ritgerðarinnar sýna að pólitískt landslag Evrópu endurspeglast í keppninni, þá sérstaklega landslagið í Austur-Evrópu þar sem uppbot Júgóslavíu annars vegar og Sovétríkjanna hins vegar höfðu mikil áhrif á keppnina. Tilgangur keppinnar í upphafi var að sameina þjóðir Evrópu eftir langt tímabil stríðsátaka í gegnum tónlist. Á sama tíma og lagt er upp með því að keppnin sé með öllu ópólitískur viðburður er hún vettvangur til þess að endurspegla ólík menningarleg og félagsleg einkenni hins fjölpjóðlega samfélags álfunnar. Stjórnámál og pólitísk umræða er stór partur af hverju samfélagi og því er nánast ómögulegt að útiloka jafn mikilvæga samfélagslega þætti frá sjónvarpsviðburði líkt og Söngvakeppni evrópskra sjónvarpsstöðva.

Efnisorð: Söngvakeppni evrópskra sjónvarpsstöðva, Eurovision, pólitískt landslag Evrópu, miðlunarviðburður, sjónvarpsviðburður



# Abstract

This thesis examines how the political landscape of Europe gets reflected in the television event called Eurovision Song Contest. Taken into consideration was the European Broadcasting Union's rule that says that Eurovision is altogether an unpolitical television event and that the national broadcasting network of each participating country must do everything in their power to maintain the contest as such. The thesis intends to demonstrate that the Eurovision Song Contest is not only an annual television event with the sole purpose of being a recreational entertainment program, but the contest also reflects both the cultural and political history of Europe. The main goal of the thesis is to look into how the manifestation of the political landscape of Europe emerges in Eurovision. The development of the contest between 1990 and 2019 gets reviewed with cases of political nature brought forward, on the one hand regarding how political events have affected it, and on the other hand regarding politically inclined incidents within the contest itself.

The conclusions of the thesis indicate that the political landscape of Europe is indeed reflected in Eurovision, in particular the landscape of Eastern Europe where the collapse of Yugoslavia on the one and the Soviet Union, on the other hand, were very influential to the contest. Originally the purpose of Eurovision was to unite European nations after a long period of warfare through music. At the same time that emphasis is put on that the contest is altogether an unpolitical event, it is a platform for the multi-national community of Europe to reflect both their cultural and social characteristic features. Politics and the political environment is a prominent part of each society. As a result, it is practically impossible to exclude just as important societal aspects from a television event like the Eurovision Song Contest.

Keywords: Eurovision Song Contest, political landscape of Europe, media events, television events.



„Ég lýsi því hér með yfir að ég ein er höfundur þessa verkefnis og að það er ágóði eigin rannsóknar.“

Steinunn Björk Bragadóttir





# Formáli

Söngvakeppni evrópskra sjónvarpsstöðva hefur verið mér hugleikin svo lengi sem ég man eftir mér. Kom því varla annað til greina en að velja mér keppnina sem viðfangsefni lokaverkefnis míns í fjölmiðlafræði. Alþjóðastjórnsmál og alþjóðasamskipti er annað sem ég hef mikinn áhuga á og ákvað ég því að reyna að tvinna þessi áhugamál mín saman. Tók það mig þó smá tíma að finna út hvernig ég gæti fléttað saman keppnina við námsefni fjölmiðlafræðinnar en komst að lokum að þeirri niðurstöðu að skoða hvernig pólitískt landslag Evrópu og samskipti á milli evrópskra þjóða hefur haft áhrif á þennan vinsæla sjónvarpsviðburð. Margir sem horfa á keppnina líta eingöngu á hana sem skemmtiefni en í gegnum áhorf mitt í gegnum árin hef ég uppgötvað mun dýpri menningarlega og félagslega þætti keppinnar. Þess vegna vildi ég skoða það nánar hvaða áhrif evrópskt stjórnsmálaumhverfi hefur haft á keppnina og tvinna þannig áhuga minn á Söngvakeppni evrópskra sjónvarpsstöðva og alþjóðastjórnsmálum saman við nýja þekkingu mína innan fjölmiðlafræðinnar.

Ég vil þakka leiðbeinanda mínum, Páli Björnssyni, fyrir góða ráðgjöf og leiðsögn við ritgerðarsmíðina. Vil ég þakka samnemendum mínum þeim Ásthildi Hannesdóttur, Bjarna Rúnarssyni, Jennýju Kristínu Sigurðardóttur, Stefaníu Hrund Guðmundsdóttur og Hákonu Svavarssyni fyrir hvatninguna og stuðninginn í gegnum námið. Án þeirra hefði þetta verið mun erfiðara. Einnig vil ég þakka móður minni, Guðrúnu Filippíu Stefánsdóttur, og kærri vinkonu, Þórönnu Hrönn Þórsdóttur, fyrir yfirlestur á verkinu og hjálp við málfræði og stíl. Að lokum vil ég þakka sambýlingi mínum og vini, Ísaki Pálmasyni, fyrir þolinmæðina og stuðninginn á meðan skrifum stóð.



# Efnisyfirlit

<b><i>Inngangur</i></b> .....	<b>1</b>
<b>1. Upphaf og einkenni Eurovision</b> .....	<b>2</b>
1.1 Upphaf og þróun Eurovision .....	2
1.2 Eurovision sem sjónvarpsefni.....	4
<b>2. Áhrif pólitískra atburða á Eurovision</b> .....	<b>6</b>
2.1 Uppstökkun ríkja .....	6
<i>Fall Júgóslavíu</i> .....	6
<i>Fall Sovétríkjanna</i> .....	8
2.2 Sýnileg átök eða ágreiningur á milli landa.....	9
<i>Georgía og Rússland 2009</i> .....	9
<i>Armenía og Aserbaísjan 2012</i> .....	10
<i>Rússland og Úkraína 2017</i> .....	11
<b>3. Pólitísk atvik í Eurovision</b> .....	<b>13</b>
3.1 Umdeild atvik þar sem fánar voru í aðalllutverki.....	13
<i>Ísrael 2000</i> .....	13
<i>Armenía 2016</i> .....	14
<i>Ísland 2019</i> .....	15
3.2 Lög og lagatextar af pólitískum toga .....	16
<i>Eurovision 1990</i> .....	16
<i>Úkraína 2005</i> .....	16
<i>Úkraína 2016</i> .....	17
<b><i>Umræður</i></b> .....	<b>19</b>
<b><i>Heimildaskrá</i></b> .....	<b>21</b>

# Inngangur

Í reglum Sambands evrópskra sjónvarpsstöðva, hér eftir kallað EBU<sup>1</sup>, kemur skýrt og greinilega fram að Söngvakeppni evrópskra sjónvarpsstöðva, hér eftir kölluð Eurovision, sé með öllu ópólítískur viðburður og að ríkisreknar sjónvarpsstöðvar allra keppnisþjóða, þá sérstaklega þeirrar þjóðar sem heldur keppnina hverju sinni, skuli gera allt sem í þeirra valdi stendur til að tryggja að sendinefndir sínar fari eftir settum reglum. Algjört bann er við hvers konar pólítískum áróðri á vettvangi keppinnar, hvort sem það er á keppnisviðinu sjálfu, í Græna herberginu<sup>2</sup> eða á öðrum viðburðum sem tengjast keppninni. Einnig mega lagatextar ekki innihalda nein skilaboð sem gætu talist vera af pólítískum toga (Eurovision.tv, e.d.b). En er í raun farið fullkomlega eftir þessari reglu? Er Eurovision í raun og veru algjörlega laus við pólítískar tengingar eins og forsvarsmenn keppinnar vilja að hún sé?

Í þessari ritgerð verður farið yfir birtingarmynd hins pólítíska landslags Evrópu í Eurovision á árunum 1990 til 2019 og hvort og/eða hvernig pólítískir atburðir í sögu Evrópu hafa haft áhrif á keppnina sjálfa. Einnig verður gerð tilraun til að svara því hvort líta skuli á Eurovision einfaldlega sem árlegan skemmtiþátt eða hvort keppnin endurspeglar hvernig pólítískt landslag Evrópu hefur tekið breytingum í gegnum tíðina. Í fyrsta kafla verður farið yfir sögu Eurovision í stuttu máli, þar sem lögð verður áhersla á upphaf keppinnar og þær breytingar sem hafa verið gerðar á fyrirkomulagi keppinnar. Einnig verður farið yfir það hvers konar sjónvarpsefni Eurovision er. Í öðrum kafla verður farið yfir hvernig utanaðkomandi atburðir af pólítískum toga hafa haft áhrif á Eurovision. Verður þeirri umfjöllun skipt í tvennt, annars vegar verður fjallað um hvernig fall Sovétríkjanna og Júgóslavíu, tveggja kommúnískra sambandsríkja, hafði á keppnina almennt séð frá árinu 1990 og hins vegar verða tekin ákveðin dæmi um áhrif pólítísku ástands, á milli ákveðinna þjóða, á einstakar keppnir. Í þriðja kafla verður farið yfir einstök atvik af pólítískum toga sem áttu sér stað meðan á ákveðnum keppnum stóð. Annars vegar verður fjallað um atvik þar sem þjóðfánar voru í aðalhlutverki og hins vegar verður farið yfir nokkra lagatexta af pólítískum toga. Fjórti og síðasti kaflinn mun innihalda umræður um viðfangsefnið og niðurstöður.

---

<sup>1</sup> Hér er vísað í skammstöfun enska heitis sambandsins, European Broadcasting Union.

<sup>2</sup> Græna herbergið er svæði þar sem keppendur og fylgdarlið bíða á meðan keppni og stigagjöf stendur. Reglulega er sýnt frá þessu svæði og þá sérstaklega þegar stigagjöfin á sér stað. Mismunandi er eftir árum hvar svæðið er staðsett, annað hvort í sama rými og keppnisviðið og áhorfendur eða í nærliggjandi rými.

# 1. Upphaf og einkenni Eurovision

## 1.1 Upphaf og þróun Eurovision

Eurovision er hugarfóstur hins svissneska Marcel Bezençon, sem starfaði hjá EBU á árdögum sambandsins á sjötta áratug 20. aldar ásamt því að vera samtímis aðalframkvæmdarstjóri svissneska ríkissjónvarpsins. Sambandið sjálft var stofnað árið 1950 í kjölfar ráðstefnu sem haldin var af breska ríkisútvarpinu BBC til að ræða samstarf á milli evrópskra ríkissjónvarpsstöðva. Fljótlega eftir stofnun EBU kom upp sú hugmynd að koma á laggirnar samevrópskri söngvakeppni á meðal aðildarþjóða sambandsins og var sú hugmynd samþykkt á aðalfundi EBU þann 19. október 1955 (Eurovision.tv, 2015). Hugmyndina að uppsetningu keppninnar fékk Bezençon frá ítölsku tónlistarhátíðinni Sanremo sem haldin hafði verið síðan 1951. Í þeirri keppni var lögð áhersla á nýjar lagasmíðar og var henni sjónvarpað í fyrsta sinn árið 1955 á ítölsku ríkissjónvarpsstöðinni RAI. Hinni nýju keppni EBU var ætlað að reyna á möguleika þáverandi tækni í beinum útvarps- og sjónvarpsútsendingum. Keppninni var einnig ætlað að sameina Evrópu eftir að hafa verið sundrað í kjölfar stríðsátaka og var farið í verkefnið á þeim forsendum að keppnin yrði vettvangur fyrir ólíkar þjóðir til að setja ósætti á hilluna og sameinast yfir töfrum tónlistarinnar (Eurovision.tv, e.d.a).

Fyrsta Eurovision-keppnin var haldin í Lugano í Sviss þann 24. maí 1956. Keppninni var að mestu leyti varpað í útvarpi en þó voru myndbandsupptökuvélar á svæðinu sem notaðar voru til að varpa keppninni til þeirra sem höfðu sjónvarpstæki. Fyrirkomulagið var með þeim hætti að sjö þjóðir voru á meðal þátttakenda: Belgía, Frakkland, Þýskaland, Ítalía, Lúxemborg, Sviss og Holland. Hver þjóð sendi inn tvö lög, þannig að í heildina voru það 14 lög sem öttu kappi í þessari fyrstu Eurovision-keppni. Til að skera úr um sigurvegara sendi hver þjóð tvo dómnefndaraðila til Lugano til að kjósa í leynilegri atkvæðagreiðslu. Dómnefndarmeðlimir gáfu einungis einu framlagi stig og máttu þeir gefa það stig hvaða lagi sem var, jafnvel framlagi þeirra eigin þjóðar. Þegar upp var staðið var það svissneska framlagið „Refrain“, flutt af Lys Assia, sem fékk flest atkvæði og því úrskurðað sigurvegari (West, 2017). Keppninni var varpað í löndunum sjö sem tóku þátt, ásamt Austurríki, Danmörku og Bretlandi. Talið er að mun fleiri hafi fylgst með keppninni í gegnum útvarp en í gegnum sjónvarp, aðallega í ljósi þess að fyrir utan að hafa verið útvarpað á útvarpsstöðvum þessara sjö þátttökupjóða hafi 13 aðrar útvarpsstöðvar tekið útsendinguna upp til að spila

seinna. Því miður hefur engin sjónvarpsupptaka af keppninni varðveist, en til eru hljóðupptökur ásamt einhverju fréttafni (Eurovision.tv, 2015).

Á þeim 65 árum sem liðin eru frá því Eurovision var fyrst haldin hefur margt breyst. Í dag er fjöldi keppnisþjóða kominn yfir 40, sem er þó breytilegur á milli ára, og vegna þess hefur keppninni verið skipt niður. Árið 2004 var ákveðið að skipta keppninni í tvennt vegna mikillar fjölgunar þátttökupjóða. Undankeppni samanstóð af 22 þjóðum sem kepptust um tíu efstu sætin. Aðalkeppnin samanstóð síðan af þeim tíu efstu úr undankeppninni og 14 öðrum þjóðum, þar sem Bretland, Frakkland, Spánn og Þýskaland áttu fast sæti og restin voru þær þjóðir sem höfðu lent í tíu efstu sætunum árið áður. Síðan 2008 hafa verið haldnar tvær undankeppnir þar sem keppt er um að komast í aðalkeppnina og eru tíu lög sem komast upp úr hvorri keppni fyrir sig. Fjöldi þjóða sem fer í gegnum undankeppnirnar er breytilegur á milli ára, en hefur verið á bilinu 34 til 38 þjóðir. Í aðalkeppninni mætast þær tuttugu þjóðir úr undankeppninni ásamt sigurvegara ársins á undan og þjóðunum sem eiga þar fast sæti, en Ítalía slóst með í þann hóp árið 2011<sup>3</sup> (Baker, 2015; Eurovision.tv, e.d.a)

Ýmsar aðrar breytingar hafa verið gerðar á fyrirkomulagi keppinnar frá þeirri fyrstu. Stigagjöf og kosningakerfi hefur, sem dæmi, tekið miklum stakkaskiptum. Það sem hófst með 14 dómnefndarmeðlimum, sem gáfu aðeins einu lagi stig, en er nú orðið að flóknu kerfi þar sem bæði áhorfendur og dómnefndir hafa atkvæðisrétt. Í dag gefa annars vegar áhorfendur og hins vegar dómnefndir hvorrar þjóðar tíu efstu lögnum stig, frá einu stigi upp í átta, síðan tíu stig og hæst tólf stig (Eurovision.tv, e.d.a, e.d.b). Reglur varðandi tungumál hafa líka breyst í gegnum tíðina. Fyrst um sinn var engin eiginleg regla til staðar en þó var gert ráð fyrir því að þjóðir syngju lög sín á móðurmáli sínu. Reglu var komið á um slíkt eftir að Svíar sungu lag sitt á ensku árið 1965. Slakað var á tungumálareglunni árið 1973, er þjóðir máttu syngja á hvaða tungumáli sem þær kusu sér, en reglan um móðurmál var aftur sett á árið 1977. Hélt sú regla velli allt til ársins 1999 þegar EBU tók þá ákvörðun að afnema hana alfarið og hefur þjóðum allar götur síðan verið frjálst að syngja á hvaða tungumáli sem er (Eurovision.tv, e.d.a).

---

<sup>3</sup> Í stuttu máli er ástæðan fyrir föstu sæti þessara fimm þjóða sterk fjárhagsstaða þeirra, þar sem þær greiða hæstu upphæðirnar af öllum aðildarþjóðunum til EBU. Kostir og gallar þessa fyrirkomulags er í raun efni í aðra ritgerð, því verður ekki farið út í nánari útskýringar á því hér.

## 1.2 Eurovision sem sjónvarpsefni

Eurovision er árviss viðburður, að árinu 2020 undanskildu þegar heimsfaraldur olli því að keppninni var aflýst, sem sjónvarpað er og allir sem hafa aðgang að ríkissjónvarpsstöðvum þáttökulanda geta horft á. Á síðustu árum hefur áhorf í gegnum streymi á netinu aukist sem hefur stækkað áhorfendahópinn út fyrir þær eiginlegu þáttökuþjóðir keppinnar til muna. En hvað er það sem gerir Eurovision að sjónvarpsefni og hvers konar sjónvarpsefni er keppnin?

Samkvæmt skilgreiningum Dayan og Katz, 1992, á sjónvarpsviðburðum (eins og vísað er til í Kyriakidou ofl., 2018) er hægt að skilgreina Eurovision sem útsendingu á viðhafnarviðburði sem brýtur upp flæði daglegrar miðlunar og dregur að sér stóran áhorfendahóp. Einnig er hægt að skilgreina Eurovision sem árlega sjónvarpskeppni sem á sér stað á ákveðnum vettvangi undir settum reglum í viðurvist áhorfenda, með það að markmiði að finna einn sigurvegara (Kyriakidou o.fl., 2018). Samkvæmt Katz (1980) er Eurovision viðburður sem ekki myndi eiga sér stað ef ekki væri fyrir miðlun hvers konar. Vill hann einnig meina að miðlunarviðburðir líkt og Eurovision snúist um að sameina keppinauta í vinalegri keppni án alls fjandskapar. Björnberg, 2007, (eins og vísað er til í Baker, 2008) lýsir keppninni sem parti af fjölþjóðlegri viðburðamenningu sem einkennist af keppnum á milli ólíkra þjóða. Keppnin sé þó ólík öðrum fjölþjóðlegum keppnum, til dæmis íþróttakeppnum. Í Eurovision er viðfangsefnið tónlist, tungumál og dans sem allt í senn eru merki um menningu hvers lands fyrir sig.

Bourdon, 2007, (eins og vísað er til í Kyriakidou ofl., 2018) vill meina að forsvarsmenn Eurovision lýsi keppninni sem sjónvarpsviðburði sem býr til samevrópskt almannarými og þar með til einskonar samevrópska sál. Bourdon bendir hins vegar á að í stað þess að hafa formað þetta samevrópska menningarrými hafi keppnin í raun ýtt undir löngun ríkja í austurhluta Evrópu til að aðlagast menningarheimi þeirra í vesturhlutanum. Hepp og Couldry (2010) vilja meina að í stað þess að hafa þróað fjölþjóðlegt og sameiginlegt sjálf, opni viðburðir líkt og Eurovision á þann möguleika að mynda fleiri en eina túlkun á þessu sameiginlega sjálfi vegna þess fjölbreytileika sem fyrirfinnst í álfu líkt og Evrópu. Þótt þessar kenningar séu í sjálfu sér ólíkar, þar sem önnur snýr að því að sameinast í átt að menningarheimi eins hluta álfunnar en hin snýr að því að mynda mismunandi birtingarmyndir af sameiginlegum menningarheimi, þá gefa þær báðar til kynna að markmið keppinnar sé að sameina evrópskar þjóðir á sameiginlegum vettvangi tónlistar og menningar. Katz (1980) telur að miðlunarviðburðir líkt og Eurovision snúist um að sameina keppinauta í vinalegri keppni án fjandskapar. Bolin (2006) kemur með enn eitt sjónarhornið, en hann heldur því



fram að eftir að austur-evrópskum þátttökupjóðum fjölgaði í keppninni hafi komið í ljós hversu stórt hlutverk Eurovision leikur hvað varðar pólitíska umræðu varðandi Evrópuvæðingu austur-evrópskra þjóða. Með Evrópuvæðingu á hann við tilhneigingu þjóða í vesturhluta Evrópu að upphefja sínar hugmyndir um hvað sé í raun evrópskt og fá þannig þjóðir í austurhlutanum til að aðlaga sig að þeim hugmyndum. Piotrowska (2020) er ómyrk í máli þegar hún fullyrðir að mörg framlög þjóða frá austurhluta Evrópu reyni að endurspegla einkenni og sjálfsmynd austur-evrópskra þjóða en nái hins vegar einungis að sýna það sem liggur á yfirborðinu. Margar vestrænar þjóðir gagnrýna svo austur-evrópsku framlögin á þeim forsendum að þau séu öðruvísi en vestrænu þjóðirnar eigi að venjast og gera jafnvel lítið úr þeim. Með því búa þær til ákveðna staðalímynd af Austur-Evrópu án þess að kafa dýpra í hversu margslungið og fjölbreytt austur-evrópskt samfélag í raun er.

Samkvæmt Bolin (2006) er hægt að skipta Eurovision niður í tvo flokka. Annars vegar er keppnin sjónvarpsþáttur og hins vegar miðlunarviðburður<sup>4</sup>. Sem sjónvarpsþáttur er horft til allra þeirra tæknilegu þátta sem nauðsynlegir eru til að geta sjónvarpað keppninni, meðal annars uppsetning sviðs, hljóð-og ljósabúnaður og útsendingarbúnaður. Sem miðlunarviðburður þarf að taka með í reikninginn alla þá ólíku miðlunarþætti sem koma að viðburðinum. Dæmi um slíka þætti eru prent-, net- og sjónvarpsmiðlar sem flytja fréttir af viðburðinum, auglýsingar í tengslum við viðburðinn, aðrir sjónvarpsþættir á borð við forkeppnir þátttökulanda, ásamt plötuútgáfu og útgáfu tónlistarinnar á streymisveitum. Út frá þessari flokkun Bolin má álykta að Eurovision sem sjónvarpsþáttur sé að einhverju leyti innlendur viðburður, nánar tiltekið þess lands sem heldur keppnina hverju sinni, þar sem viðkomandi land sér um meirihluta þeirra tæknilegu atriða sem koma að slíkum útsendingum. Sem miðlunarviðburður er Eurovision hins vegar fjölþjóðlegur atburður í ljósi þess að margar þjóðir sameina krafta sína í að miðla því sem fram fer með mismunandi miðlunarleiðum.

---

<sup>4</sup> Miðlunarviðburður er þýðing höfundar á enska hugtakinu „media event“.

## 2. Áhrif pólitískra atburða á Eurovision

### 2.1 Uppstokkun ríkja

#### *Fall Júgóslavíu*

Júgóslavía varð til sem sambandsríki eftir lok fyrri heimsstyrjaldar þegar króatísk, bosnísk og slóvensk landsvæði sameinuðust serbneska konungsveldinu. Eini sigur Júgóslavíu í keppninni var árið 1989 og var keppnin því haldin í Zagreb, höfuðborgar núverandi Króatíu, árið 1990. Komandi átök á svæðinu voru ekki sjáanleg í keppninni nema í formi lagatexta nokkurra keppnisþjóða, sem nánar verður farið í seinna í ritgerðinni. Fall Júgóslavíu og skipting hennar í minni ríki varð aftur á móti sjáanlegt í formi nýrra keppnisþjóða í Eurovision, þá sérstaklega á tíunda áratug 20. aldar, en Júgóslavía keppti síðast undir því nafni árið 1992.

Strax árið 1993 mátti sjá afleiðingar falls Júgóslavíu. Dró þá til tíðinda þar sem þjóðum fjölgaði sem vildu taka þátt í keppninni, að stórum hluta vegna skiptingu Júgóslavíu og þeim ríkjum sem lýstu yfir sjálfstæði í kjölfarið. EBU ákvað að halda forkeppni til að skera úr um hvaða þrjú lönd fengju að taka þátt í keppninni árið 1993 sem haldin yrði á Írlandi. Forkeppnin var haldin í höfuðborg Slóveníu, Ljubljana, þar sem sjö þjóðir kepptu sín á milli um að komast til Írlands. Að lokum voru það Króatía, Bosnía og Hersegóvína og Slóvenía sem þóttu með bestu löggin, en Eistland, Ungverjaland, Rúmenía og Slóvakía þurftu að bíða lengur eftir því að þreyta frumraun sína á Eurovision sviðinu (Baker, 2015). Þrjú fyrrum Júgóslavíuríki stigu því á svið í Millstreet, Írlandi. Markaði þetta tímamót í sögu Eurovision þar sem þessi þrjú lönd voru þau fyrstu sem komu inn sem nýjar keppnisþjóðir í beinum tengslum við fall kommúnismans í Evrópu<sup>5</sup>. Pólitískt ástand fyrrum Júgóslavíu endurspegladist best í framlagi Bosníu og Hersegóvínu þetta árið, þar sem fulltrúar landsins voru í brennidepli. Á leið sinni til Írlands þurfti bosníska hópurinn í raun að flýja stríðshráða höfuðborg sína, Sarajevo, þar sem átök voru á milli Bosníaka, sem studdu sjálfstæði, og Bosníu-Serba, sem vildu sameinast Serbíu. Þurfti hópurinn meðal annars að fara fótgangandi að næturlagi í gegnum flugvöll borgarinnar í þeirri von um að ná að komast undan áhlaupi

---

<sup>5</sup> Með falli kommúnismans er vísað til margþættra breytinga á pólitísku landslagi í Evrópu, þá sérstaklega í austurhluta álfunnar. Á árunum 1989-1991 féll múrinn í Berlín og Þýskaland sameinaðist í eitt ríki, Sovétríkin og Júgóslavía leystust upp í minni ríki, Tékkóslóvakía skiptist í tvö ríki og öll þessi ríki, ásamt Póllandi, Ungverjalandi og Rúmeníu, skiptu út kommúnískum stjórnarháttum fyrir lýðræðislega kjörnar stjórnir.

leyniskyttu. Tókst bosníska Eurovision-hópnum ætlunarverk sitt, en sama kvöld létust sex einstaklingar við flóttatilraun sína (West, 2017). Bosníska framlagið bar merki ástandsins heima fyrir. Titill lagsins „Sva bol svijeta“, sem flutt var af sveitinni Fazla, þýðist sem „Allur sársauki heimsins“ og í viðlagi lagsins er sungið um að allur sársauki heimsins sé í Bosníu í kvöld (Fazla, 1993). Bosnísku keppendunum var vel tekið í Írlandi þar sem þeir uppskáru mikið lófaklapp er þeir stigu á svið, en einnig braust út mikill fögnuður í salnum þegar símasamband náðist við talsmann bosníska sjónvarpsins, þótt slitrótt væri, sem tilkynna átti bosníska stigin (Notaro og Miller, 1993).

Fimm ár liðu þangað til næsta þjóð sem hafði tilheyrt fyrrum Júgóslavíu tók þátt í Eurovision. Árið 1998 steig Norður-Makedónía, sem bar þá nafnið Fyrrum Júgóslavíulýðveldið Makedónía, á svið með lagið „Ne zori, zoro“ sungið af Vlado Janevski (Posner o.fl., 1998). Ástæðan á bak við nafnabreytingu landsins er sú að þegar Norður-Makedónía hlaut sjálfstæði í kjölfar falls Júgóslavíu vildi hin nýsjálfstæða þjóð einfaldlega kallast Makedónía. Grikkir voru hins vegar ekki á sama máli þar sem hérað þar í landi ber sama nafn, sem var arfleifð hins forna Makedóníuríkis sem stjórnað var af Alexander mikla og náði yfir landsvæði sem í dag tilheyrir Grikklandi, Búlgaríu og Norður-Makedóníu. Meinuðu grísk stjórnvöld þeim norður-makedónsku að notast við nafnið Makedónía og endaði sú deila með þeirri málamiðlun að hið nýja sjálfstæða land yrði kallað á opinberum vettvangi hinu óþjála nafni Fyrrum Júgóslavíulýðveldið Makedónía. Notast var við það heiti allt til ársins 2019, en samkomulag milli þjóðanna tveggja náðist um nýja nafngift á seinni hluta árs 2018 og tók landið opinberlega upp nafnið Norður-Makedónía í febrúar 2019 (Corpádean, 2018; Nimetz, 2020). Heiti landsins í Eurovision hefur verið í samræmi við heiti þess á opinberum vettvangi, en landið gekk undir nafninu Fyrrum Júgóslavíulýðveldið Makedónía<sup>6</sup> í keppninni til ársins 2018 en notaðist við nafnið Norður-Makedónía í keppninni 2019.

Sex árum eftir að Norður-Makedónía þreytti frumraun sína á Eurovision-sviðinu stigu þau tvö lönd sem eftir voru af fyrrum Júgóslavíuríkjunum á það svið, þegar Serbía og Svartfjallaland hóf keppni árið 2004. Það ár og árið 2005 kepptu þau undir einum fána þar sem Serbía og Svartfjallaland var enn undir sömu stjórn. Var landið í raun leifarnar af því sem hafði verið kallað Ríkjasambandið Júgóslavía eftir 1992, en það samanstóð af Serbíu annars vegar og Svartfjallalandi hins vegar eftir að hinar þjóðirnar sem höfðu tilheyrt Júgóslavíu hlutu sjálfstæði. Nafnið Ríkjasamband Júgóslavíu var lagt til hliðar árið 2003 og

---

<sup>6</sup> Á ensku: The Former Yugoslav Republic of Macedonia (FYR Macedonia/FYROM).

til ársins 2006 gekk landið undir nafninu Serbía og Svartfjallaland. Svartfjallaland samþykkti í þjóðaratkvæðagreiðslu það ár að skilja sig frá Serbíu og varð að sjálfstæðu landi í júní 2006 (Baker, 2015; Poulsen o.fl., 2020; Stojanović og Grytsak, 2005a; Stojanović og Osma, 2004). Serbía og Svartfjallaland hafði staðfest þátttöku sína í keppninni 2006, en vegna ósættis á milli serbneska og svartfellska sjónvarpsins eftir úrslit forkeppninnar, sem þau héldu í sameiningu, dró landið sig úr keppni (Eurovisionworld.com, e.d.b). Árið 2007 komu Serbía og Svartfjallaland hins vegar fílefld til baka í sitthvoru lagi og endaði Serbía á því að sigr keppnina það árið, með laginu „Molitva“ sem flutt var af Mariju Šerifović. Setti Serbía met það ár með því að sigr Eurovision, en ekkert land hafði unnið keppnina með frumraun sinni síðan Sviss vann allra fyrstu keppnina árið 1956 (Eurovision.tv, e.d.c; Suomi og Seppälä, 2007). Með sigrinum varð Serbía fyrsta landið sem tilheyrði fyrrum Júgóslavíu til að sigr Eurovision og er enn það eina þegar þessi ritgerð er skrifuð.

### *Fall Sovétríkjanna*

Sovétríkin voru stofnuð í kjölfar rússnesku byltingarinnar árið 1917 sem leiddi til falls rússneska keisaradæmisins<sup>7</sup>. Sem samband ríkja í Austur-Evrópu og Asíu, 15 ríkja alls þegar mest lét, voru Sovétríkin við lýði til ársins 1991, en þá slitnaði upp úr ríkjasambandinu og þau lönd sem því tilheyrðu hlutu hvert af öðru sjálfstæði á ný. Fall Sovétríkjanna var nokkuð fyrirséð, blikur voru í lofti í efnahagslífi þjóðarinnar og í kjölfarið spratt upp andspyrna gegn sovéskum stjórnvöldum á meðal hinna mörgu þjóðarbrotu og ríkja sem Sovétríkin höfðu innlimað á sínum tíma (Sakwa, 1999).

Sovétríkin tóku aldrei þátt í Eurovision, þar sem þau voru ekki aðildarríki að EBU, en höfðu samt sem áður áhuga á heildarhugmyndinni á bak við keppnina. Tóku Sovétríkin til að mynda þátt í eins konar austur-evrópskri útgáfu af Eurovision sem bar heitið Intervision Song Contest. Sú keppni var haldin í Póllandi á árunum 1977 til 1980, en var í raun byggð á grunni keppni að nafni Sopot sem hafði verið haldin á sama stað í Póllandi síðan 1961 (Rosenberg, 2012). Í kjölfar falls Sovétríkjanna árið 1991 hlutu margar þjóðir í austurhluta Evrópu sjálfstæði og hægt og bítandi hófu þær þjóðir þátttöku í Eurovision. Fyrsta holl fyrrum sovéskra ríkja sem tóku þátt í Eurovision mætti til leiks árið 1994, en það voru Rússland, Eistland og Litháen. Sama ár hófu fyrrum austantjaldsþjóðirnar Ungverjaland, Rúmenía og Pólland einnig þátttöku (Cowap og Clausen, 1994). Lettland tók fyrst þátt árið 2000 og sama

---

<sup>7</sup> Rússneska byltingin er samheiti yfir tvær byltingar sem áttu sér stað árið 1917. Þær eru Febrúarbyltingin þar sem keisaranum var steypt af stóli og Októberbyltingin þar sem kommúnistar tóku völdin.

ár urðu ákveðin tímamót hvað varðar þátttöku fyrrum sovéskra ríkja í keppninni, en af fjórum stigahæstu lögunum í lok keppni voru þrjú frá löndum sem áður tilheyrðu Sovétríkjunum; Rússland, Lettland og Eistland (Bratten og Stocksélius, 2000). Árið eftir sigraði Eistland keppnina, sem var í fyrsta skipti sem land sem áður tilheyrði fyrrum Sovétríkjunum vann og einungis í annað skiptið sem land frá Austur-Evrópu vann keppnina, en Júgóslavía hafði unnið 1989. Segja má að hér hafi orðið þáttaskil í Eurovision þar sem keppnin var orðin aðgengileg þeim þjóðum sem höfðu tilheyrð fyrrum Sovétríkjunum og í raun allri Austur-Evrópu. Á árunum 2003 til 2008 hóf eitt nýtt fyrrum sovéskt ríki þátttöku; Úkraína 2003, Belarús 2004, Moldóva 2005, Armenía 2006, Georgía 2007 og Aserbaísjan 2008. Auk þess höfðu fjögur af þeim átta löndum sem unnu keppnina á árunum 2001 til 2009 tilheyrð fyrrum Sovétríkjunum og eitt hafði áður tilheyrð fyrrum Júgóslavíu; Eistland 2001, Lettland 2002, Úkraína 2004, Serbía 2007 og Rússland 2008. Að auki tilheyrðu ekkert af hinum þremur löndunum Vestur-Evrópu, þar sem Tyrkland vann 2003, Grikkland 2005 og árið 2006 vann Finnland<sup>8</sup> (O'Connor, 2005). Fall Sovétríkjanna og þátttaka þeirra ríkja sem hlutu sjálfstæði í kjölfarið hefur því haft sjáanleg áhrif á uppbyggingu Eurovision og hafa samskipti þessara fyrrum sovésku ríkja oftast en ekki verið á óvinsamlegum nótum og jafnvel dregið dilk á eftir sér. Nánar verður fjallað um þetta í næstu köflum.

## 2.2 Sýnileg átök eða ágreiningur á milli landa

### *Georgía og Rússland 2009*

Í kjölfar falls Sovétríkjanna lýsti Georgía yfir sjálfstæði árið 1991, en árið áður hafði sjálfstjórnarhéraðið Suður-Ossetía lýst yfir sjálfstæði frá Georgíu og árið á eftir gerði sjálfstjórnarhéraðið Abkasía slíkt hið sama. Næstu ár á eftir einkenndust af átökum á svæðinu, þar sem Georgía átti í deilum við bæði Rússland og sjálfstjórnarhéruðin tvö. Árið 2008 dró til nokkurra tíðinda er Rússar sendu herlið til Abkasíu til varnar gegn Georgíumönnum og Georgíumenn sendu inn herlið til Suður-Ossetíu til varnar gegn Rússum. Í kjölfarið hófust átök á milli Rússlands og Georgíu á svæðinu, sem beindust að mestu að Suður-Ossetíu. Þrátt fyrir að skrifað hafi verið undir vopnahlé síðsumars árið 2008 var mikil spenna á milli ríkjanna tveggja, þar sem Rússar viðurkenndu sjálfstæði sjálfstjórnarhéraðanna

---

<sup>8</sup> Finnland er reyndar á mörkum Norður- og Austur-Evrópu, þar sem landið er í dag partur af Norðurlöndunum en var um tíma partur af Rússlandi. Einnig er tungumál þeirra, finnska, af sama uppruna og austur-evrópsku tungumálin eistneska og ungverska.

þrátt fyrir fordæmingu alþjóðasamfélagsins á þeirri ákvörðun (CNN Editorial Research, 2021).

Rússland hafði unnið Eurovision árið 2008 og því var ljóst að keppnin yrði haldin þar í landi árið 2009. Nokkur óvissa fylgdi þátttöku Georgíu í keppninni en eftir að hafa tilkynnt um þátttöku sína um mitt ár 2008 dró georgíska sjónvarpið sig úr keppni á haustmánuðum sama árs á grundvelli pólitískra mótmæla vegna átakanna á milli Georgíu og Rússlands. Sú ákvörðun var þó dregin til baka og Georgía staðfesti þátttöku sína í desember 2008 og haldin var forkeppni í febrúar 2009. Sigurvegarar þeirra keppni var hljómsveitin Stefane & 3G með lagið „We Don‘t Wanna Put In“. EBU taldi hins vegar að texti lagsins byggji yfir pólitískum áróðri vegna augljóslegra vísana í Vladimir Pútín, forseta Rússlands, og þá sérstaklega í titli lagsins. „We Don‘t Wanna Put In“ þótti líkjast of mikið „We Don‘t Want Putin“ (ísl: „Við viljum ekki Pútín“) ásamt því að aðrir hlutar textans ýjuðu að andúð gagnvart Pútín Rússlandsforseta. EBU veitti georgíska sjónvarpinu tækifæri á að breyta texta lagsins, ella yrði þeim vísað úr keppni. Georgísku fulltrúarnir neituðu hins vegar að breyta textanum og dró georgíska sjónvarpið sig því úr keppni, í annað sinn, í stað þess að vera vísað úr keppni (BBC News, 2009; Jonze, 2009).

### *Armenía og Aserbaísjan 2012*

Deilur hafa verið á milli Armeníu og Aserbaísjan í tengslum við héraðið Nagorno-Karabakh síðan á þriðja áratug 20. aldar, nánar tiltekið allt frá því að ríkin tvö voru innlimuð í Sovétríkin við stofnun þess. Á þessum tíma voru íbúar héraðsins Nagorno-Karabakh að stærstum hluta af armenskum uppruna, en Sovétríkin ákváðu samt sem áður að veita aserskum yfirvöldum yfirráð á svæðinu. Rétt fyrir fall Sovétríkjanna samþykktu þó meðlimir svæðisþings Nagorno-Karabakh með atkvæðagreiðslu að skilja sig frá Aserbaísjan og verða hluti af Armeníu. Leiddi þetta af sér átök á milli Aserbaísjan, sem reyndi að bæla niður aðskilnaðarsinna, og Armeníu, sem studdu aðskilnaðarsinna, sem enduðu í stríði á milli landanna. Armenar náðu tímabundnum völdum á svæðinu, en eftir vopnahlé sem komið var á árið 1994 með hjálp frá Rússum héldu Aserar yfirráðum sínum í héraðinu. Síðan þá hefur verið mikil ólga á svæðinu þar sem asersk stjórnvöld líta á svæðið sem sitt yfirráðasvæði, en því er í raun stjórnað af armenskum minnihlutahópi sem sjálfskipað lýðveldi og er það stjórnarfar stutt af armenskum stjórnvöldum (BBC News, 2020; Radnitz, 2019).

Aserbaísjan vann Eurovision keppnina árið 2011 og var keppnin 2012 því haldin í höfuðborg landsins, Baku. Til að byrja með leit út fyrir að Armenar ætluðu að taka þátt, þrátt

fyrir deilurnar á milli þeirra og gestgjafalandsins. Öryggi Armena í Aserbaísjan kom þó til tals og til að koma í veg fyrir slíkar vangaveltur tilkynntu asersk stjórnvöld strax um sumarið 2011 að öryggi allra keppenda yrði tryggt meðan á keppni stæði, óháð upprunalandi (Lee Adams, 2011). Í marsmánuði árið 2012 dró þó til tíðinda er armenska sjónvarpið tók þá ákvörðun að draga sig úr keppni. Orsökina voru ummæli aserska forsetans, Ilham Aliyev, þar sem Armenía var skilgreind sem óvinþjóð Aserbaísjan og að Armenar væru helstu óvinir aserska ríkisins. Forsvarsmenn armenska sjónvarpsins litu á ummælin sem svo að armensku keppendurnir og fylgdarlið í Eurovision féllu undir þá skilgreiningu og því fannst þeim lítið vit í því að senda fulltrúa sína til lands sem leit á þá sem óvini, þrátt fyrir að asersk stjórnvöld hefðu lofað að tryggja öryggi allra keppenda. EBU hafði lagt sitt af mörkum til að tryggja góð samskipti á milli Armeníu og Aserbaísjan á vettvangi Eurovision og harmaði því ákvörðun armenska sjónvarpsins (Aderemi, 2012; BBC News, 2012).

### *Rússland og Úkraína 2017*

Deilur hófust á milli Rússlands og Úkraínu eftir að rússneskt herlið réðst inn á og náði yfir völdum á Krímskaganum í mars 2014. Skaginn var innan landamæra Úkraínu en í augum Rússa tilheyrði svæðið Rússlandi. Íbúar svæðisins virtust vera sammála rússneskum stjórnvöldum og var Krímskaginn innlimaður í Rússland eftir að íbúar svæðisins samþykktu að sameinast landinu í svæðisbundinni þjóðaratkvæðagreiðslu. Var sú atkvæðagreiðsla hins vegar álitin ólögmat að mati úkraínskra stjórnvalda og stórum hluta alþjóðasamfélagsins. Í kjölfarið brutust út átök á milli úkraínska hersins og aðskilnaðarsinna sem kröfðust sjálfstæðis frá Úkraínu. Komið var á vopnahléi á haustmánuðum ársins 2014, en þrátt fyrir það héldu Rússar áfram að senda fullhlaðna þungaflutningabíla inn á svæðið í óþökk úkraínskra yfirvalda. Rússar sögðust vera að senda hjálpargögn í mannúðarskyni en ráðamenn í Kíev, höfuðborgar Úkraínu, höfðu sínar efasemdir. Átök héldu áfram á svæðinu, þrátt fyrir að alþjóðasamfélagið hafi fordæmt átökin og Evrópusambandið jafnvel lagt viðskiptabann á Rússland. Ástandið versnaði til muna árið 2016, þar sem farið var hvað eftir annað gegn vopnahléinu frá 2014 og mannfall óbreyttra borgara jókst til muna. (Blackwill og Sestanovich, e.d.; Thompson, 2017).

Úkraína vann Eurovision árið 2016 og var keppnin 2017 því haldin þar í landi. Framan af var óljóst hvaða borg myndi hýsa keppnina, en að lokum var það höfuðborgin Kíev sem varð fyrir valinu. Rússneska sjónvarpið staðfesti þátttöku sína síðla árs 2016 og valdi innbyrðis söngkonuna Yuliu Samoylovu sem fulltrúa Rússlands í keppninni. Í mars

2017 gáfu úkraínsk stjórnvöld hins vegar út ferðabann til Úkraínu sem náði til rússneskra ríkisborgara sem höfðu ferðast til Krímskagans í gegnum Rússland í stað Úkraínu án réttra heimilda útgefnum af úkraínskum stjórnvöldum, sem var ólöglegt samkvæmt úkraínskum lögum. Yulia Samoylova féll undir þetta bann, þar sem hún hafði ferðast til Krímskagans í gegnum Rússland árið 2015 án heimildar frá úkraínskum stjórnvöldum. Því var ljóst að Yulia gæti ekki ferðast til Kíev til að stíga á svið fyrir hönd Rússlands, en EBU reyndi hvað það gat til að koma á sáttum milli landanna tveggja. Meðal annars var lagt til að Yulia fengi að taka þátt í gegnum fjarfundarbúnað, sem fæli í sér að hún myndi flytja lag sitt á sviði í Rússlandi en því varpað í gegnum útsendinguna frá Úkraínu, eða að Rússar myndu velja sér nýjan fulltrúa sem ekki hafði ferðast til Krímskagans án heimilda. Með því væri verið að virða úkraínsk lög en Rússland fengi samt sem áður að taka þátt (Halpin, 2017a; Lee Adams, 2017). Hvorki Rússar né Úkraínumenn tóku vel í þessa hugmynd og endaði deilan með því að rússneska sjónvarpið dró sig úr keppni þetta árið á þeim forsendum að fjarþátttaka mismunandi Rússlandi í keppninni og stríddi gegn reglum og gildum Eurovision-keppninnar. Jafnframt ákvað rússneska ríkissjónvarpið að sýna ekki frá keppninni þetta árið. Fordæmdi EBU ferðabann úkraínskra stjórnvalda gegn Yuliu Samoylovu og sögðu forsvarsmenn keppninnar slíka ákvörðun grafa undan því að Eurovision væri ópólítískur vettvangur (Halpin, 2017b).



### 3. Pólítísk atvik í Eurovision

#### 3.1 Umdeild atvik þar sem fánar voru í aðalhlutverki

Fánar eru mikilvægur partur af Eurovision, bæði á meðal áhorfenda og keppenda. Síðustu ár hefur áhorfendaskarinn sem staðsettur er í keppnissalnum líkst hafsjó þjóðfána keppnisþjóða hvers árs. Einnig hafa keppendur verið duglegir við að veifa fánum sinna þjóða í Græna herberginu, þá sérstaklega þegar myndavélunum er beint að þeim. Þó hafa nokkur umdeild atvik átt sér stað þar sem fánar voru í aðalhlutverki.

#### *Ísrael 2000*

Þátttaka ísraelsku hljómsveitarinnar Ping-Pong þótti umdeild, jafnvel áður en hún fékk að stíga á svið í keppninni árið 2000, sem haldin var í sænsku höfuðborginni Stokkhólmi. Sú staðreynd að hljómsveitin hafi ákveðið að taka þátt í forkeppni ísraelska ríkissjónvarpsins í gríni var þó ekki það sem vakti athygli á atriðinu, heldur var það samband hljómsveitarinnar við ríkissjónvarp sitt hvað varðaði þátttöku þeirra í Eurovision. Lagið „Same´ach“ var til að mynda einungis valið sem fulltrúi Ísraels vegna þess að það þótti vera skásta lagið í hópi lélegra laga. Lagatextinn þótti einnig umdeildur en í einu erindi lagsins er sungið um ísraelska stúlku og sýrlenskan ástmann hennar. Á þessum tíma áttu Ísraelar og Sýrlendingar í hatrömmum deilum um Golan-landsvæðið og því þótti það ekki viðeigandi af hálfu ísraelska stjórnvalda eða ríkissjónvarpsins þar í landi að syngja um slíkt (Hoare, 2016).

Kornið sem fyllti mælinn kom á æfingu fyrir keppnina í Stokkhólmi. Mátti þar sjá hljómsveitarmeðlimi veifa bæði sýrlenska og ísraelska fánanum undir lok lagsins. Forsvarsmönnum ísraelska ríkissjónvarpsins var gróflega misboðið og bætti það olú á eldinn að æfingin hafði átt sér stað á þjóðhátíðardegi Ísraels. Í refsiskyni afneitaði ísraelska ríkissjónvarpið atriðinu í heild sinni og lýsti því yfir að hljómsveitin Ping-Pong væri alfarið á sínum eigin vegum í keppninni. Þurftu hljómsveitarmeðlimir og fylgdarlið jafnframt að standa sjálf undir kostnaði ferðarinnar til og frá Stokkhólmi (Goldenberg, 2000). Ping-Pong hélt þó sínu striki og steig fyrst á svið í Globen-höllinni í Stokkhólmi þar sem sýrlenski fáninn var á sínum stað ásamt þeim ísraelska (Bratten og Stockselius, 2000).

## *Armenía 2016*

Miklar gagnrýnisráddir voru á lofti í kjölfar yfirlýsingar forsvarsmanna Eurovision varðandi fánabann árið 2016. Fram að þessu hafði EBU eða forsvarsmenn þeirra ríkisstöðva sem héldu keppnina hverju sinni ekki skipt sér af því hvaða fána áhorfendur tækju með sér í salinn. Keppnin var haldin í Stokkhólmi það árið en í apríl, um það bil mánuði fyrir keppni, var gefin út svokölluð opinber fánastefna keppinnar. Í henni var tekið fram að eingöngu væri leyfilegt að vera með fána fullvalda ríkja sem eiga aðild að Sameinuðu þjóðunum ásamt fána Evrópusambandsins og regnbogafánanum, sem notaður er sem tákn hinsegin samfélagsins. Fánar sjálfstjórnarhéraða, ríkja sem ekki eru samþykkt aðildarríki Sameinuðu þjóðanna og fánar ýmissa landsvæða voru þar með bannaðir. Dæmi um bannaða fána voru palestínski fáninn, fáni Kósóvó og fáni Nagorno-Karabakh (ESC Reference Group, 2016). EBU dró þessa ákvörðun þó til baka að hluta til vegna þeirrar miklu gagnrýni sem EBU hafði hlotið og að hluta til vegna þess að einn keppandi var frá Wales og annar keppandi innfæddur Sami og því þótti ekki sanngjarnt að viðkomandi keppendur fengju ekki að veifa fánum sinna landa og landsvæða (Eurovision Song Contest, 2016). Þótt bann á fánum öðrum en fullvalda ríkja hafi verið dregið til baka, kom upp atvik sem átti eftir að hafa afleiðingar.

Undir lok fyrri undankeppinnar árið 2016, þegar verið var að rifja upp keppnislög kvöldsins fyrir sjónvarpsáhorfendur, mátti sjá armensku söngkonuna Ivetu Mukuchyan veifa fána Nagorno-Karabakh<sup>9</sup> í mynd (Jelinek o.fl., 2016). Þrátt fyrir að EBU hafi dregið til baka fánabann sitt, þar sem fáni Nagorno-Karabakh hafði verið á bannlista, olli þetta atvik uppnámi og þá sérstaklega á meðal Asera. EBU komst að þeirri niðurstöðu að með því að veifa fána Nagorno-Karabakh í beinni útsendingu, á tímum þar sem mikil spenna var á milli Armeníu og Aserbaísjan vegna þessa landsvæðis, hafi Iveta brotið þá reglu keppinnar þar sem skýrt er tekið fram að allur pólitískur áróður er bannaður á vettvangi keppinnar. Í kjölfarið gaf EBU út yfirlýsingu þar sem fram kom að Armenum yrði ekki sýnt neitt umburðarlyndi gagnvart frekari pólitískum gjörningum og ef ekki yrði farið eftir því yrði Armenum vísað úr keppni (European Broadcast Union-EBU, 2016).

---

<sup>9</sup> Nánari útlistun á deilum Armeníu og Aserbaísjan varðandi Nagorno-Karabakh má sjá í undirkaflanum *Armenía og Aserbaísjan 2012*.

## Ísland 2019

Mikið fjaðrafok fylgdi íslensku keppendunum í Eurovision 2019, en keppnin var haldin í Tel Aviv í Ísrael. Hljómsveitin Hatari hafði verið valin sem fulltrúi Íslands með lagið „Hatrið mun sigra“, en sveitin er þekkt fyrir djarfa framkomu og enn djarfari textagerð og yfirlýsingar. Hatari vakti strax mikla athygli, ekki síst fyrir orðræðu sína varðandi pólitíska stefnu ísraelskra yfirvalda gagnvart Palestínu. Töluðu meðlimir Hatara meðal annars um það opinberlega að þátttaka þeirra væri af pólitískum toga og að markmið þeirra væri að vekja athygli á pólitískum aðstæðum þessa heimshluta og með þátttöku sinni væri hljómsveitin komin með ákveðið dagskrárvald (Júlía Margrét Einarsdóttir, 2019; Muldoon, 2019). Þátttaka Hatara í keppninni varð því mjög umdeild og náði jafnvel þeim hæðum að farið var fram á að Íslandi yrði vikið úr keppni og að meðlimum Hatara yrði meinaður aðgangur inn í Ísrael (Egill Helgason, 2019; Fanney Hólmfríður Kristjánsdóttir, 2019; Reilly, 2019)<sup>10</sup>.

Mótmæli þessi höfðu ekki erindi sem erfiði og stigu meðlimir Hatara á svið í Expo Tel Aviv höllinni án vandkvæða, fyrst í undankeppninni 14. maí 2019 og svo í úrslitunum 18. maí 2019. Undir lok úrslitakeppninnar, þegar stig Íslands úr símakosningu voru tilkynnt, drógu meðlimir Hatara upp fána Palestínu þannig að þeir sáu í mynd (Ukrainitz o.fl., 2019). Þessi framganga íslensku keppendanna átti eftir að hafa afleiðingar. Meðal annars spruttu upp áköll um að Íslandi yrði vikið úr keppni árið 2020, þó þau hafi ekki verið mjög hávær (Brynjólfur Þór Guðmundsson, 2019; Fanney Hólmfríður Kristjánsdóttir, 2019). EBU tók ekki vel í gjörninginn þótt ekki hafi verið sett á opinbert bann á neina fána þetta árið. EBU ályktaði sem svo að fánagjörningurinn stríddi gegn reglum keppninnar sem bannar pólitískan áróður og var niðurstaðan sú að sekta RÚV um fimm þúsund evrur, en ekki kom til tals að víkja Íslandi tímabundið úr keppni (Ásrún Brynja Ingvarsdóttir, 2019).

---

<sup>10</sup> Þetta eru einungis nokkur dæmi um umræðuna varðandi brottvikningu Íslands úr keppninni.

## 3.2 Lög og lagatextar af pólitískum toga

### *Eurovision 1990*

Keppnin árið 1990 var haldin í Júgóslavíu, landi á barmi falls og uppstokkunar, á umbrotasömum tímum evrópskrar stjórnmalasögu. Berlínarmúrinn var fallinn, Sovétríkin voru við það að liðast í sundur og vinsældir hins kommúníska stjórnarfars á undanhaldi. Pólitískt ástand hafði mikil áhrif á samfélög álfunnar og var Eurovision þar ekki undanskilið, þar sem nokkrir textahöfundar sóttu sér innblástur í hið stormasama stjórnmalaumhverfi samtíma síns.

Framlag Noregs bar nafnið „Brandenburger Tor“ og var sungið af Ketil Stokkan. Í texta lagsins er vísað í Brandenborgarhliðið, eitt þekktasta kennileiti Berlínarborgar, og þau hátíðarhöld sem þar áttu sér stað við fall Berlínarmúrsins. Í textanum kemur meðal annars fram að allur heimurinn hafi fylgst með haustið 1989 þegar landamærin á milli Austur- og Vestur-Berlínar voru opnuð til frambúðar, hvar fólk sást úti á götu grátandi af gleði (Stokkan, 1990). Austurríska framlagið bjó einnig yfir sterkri skírskotun til Berlínarmúrsins, en það hét „Keine Mauern Mehr“ og var sungið af Simone. Titill lagsins þýðist yfir á íslensku sem „Enga múra lengur“. Sungið er í laginu að á sama tíma fyrir ári síðan hafi enginn gert sér í hugarlund að þrá fólks eftir frelsi myndi leiða til sameiningar Þýskalands (Simone, 1990). Sigurlag keppninnar bjó einnig yfir pólitískri tengingu, en þetta ár stóð Ítalía uppi sem sigurvegari með laginu „Insieme: 1992“ sem sungið var af Toto Cutugno. Titill lagsins þýðist yfir á íslensku sem „Sameinuð: 1992“ og vísar til hins samevrópska markaðshagkerfis sem áætlað var að setja á laggirnar árið 1992 (Cutugno, 1990; West, 2017). Í heild sinni voru þátttökupjóðir þetta árið 22 og því þrjú lög af pólitískum toga þannig séð ekki mikill fjöldi, en í keppni sem á að vera algjörlega af ópólitískum toga stingur slíkt í stúf.

### *Úkraína 2005*

Keppnin árið 2005 var haldin í Úkraínu, en landið var enn að ná sér niður eftir mikla pólitíska óreiðu árið áður. Ástæðan var ásakanir um kosningasvindl í forsetakosningum sem haldnar höfðu verið í október 2004, þar sem þáverandi forsætisráðherra landsins Viktor Yanukovich var sagður hafa sigrað mótframbjóðanda sinn Viktor Yushchenko. Yanukovich naut stuðnings þáverandi forseta landsins og Pútín Rússlandsforseta, en Yushchenko naut stuðnings Evrópusinnaðra Úkraínnumanna sem vildu minnka tengsl Úkraínu við Rússland. Leiddi þetta

af sér byltingu sem gekk undir nafninu „Appelsínugula byltingin“, sem studdi Yushchenko sem var að lokum settur í embætti forseta Úkraínu (Zasenko o.fl., 2021).

Framlag gestgjafabjórðarinnar átti uppruna sinn að rekja til byltingarinnar, þar sem hljómsveitin Greenjolly hafði samið lagið innblásin af henni og varð það á einni nóttu að eins konar einkennislagi byltingarinnar. Var það valið sem framlag Úkraínu í Eurovision eftir að hafa verið satt að segja plantað í úkraínsku forkeppnina, þar sem lagið hafði ekki farið í gegnum undankeppnir forkeppninnar heldur var komið fyrir beint í úrslitakeppninni (Lynskey, 2005). Framlagið varð þegar í stað umdeilt og spilaði textinn þar stórt hlutverk. Bein þýðing á titli lagsins, sem er á úkraínsku „Razom nas bahato“, yfir á íslensku er „Saman erum við margir“ en fyrstu línu textans, sem er einnig í viðlagi lagsins, er hægt að þýða sem „sameinuð stöndum vér, við erum ósigrandi“<sup>11</sup>. Fyrsta línan í fyrsta erindi lagsins er hins vegar sungin á ensku og hægt er að þýða hana sem „við sættum okkur ekki við þetta (nei), byltingin hefur hafist“<sup>12</sup> (Eurovisionworld.com, e.d.a; Greenjolly, 2005). Forsvarsmenn Eurovision settu út á pólitískt innihald textans, sem til að byrja með innihélt nafn Yushchenko, og gerðu Greenjolly að breyta textanum svo hann myndi lúta reglum keppninnar. Meðlimir Greenjolly vildu þó meina að textinn væri ekki af pólitískum toga, en tóku nafn Yushchenko út og var textinn á endanum leyfður af EBU (Lynskey, 2005).

Sviðsframkoma hljómsveitarinnar í úrslitakeppni Eurovision innihélt einnig nokkrar vísanir í pólitískt ástand Úkraínu á þessum tíma. Dansarar sjást handjárnaðir í byrjun lags en ná á endanum að losa sig úr járnunum, söngvarinn er klæddur í bol með mynd af byltingarsinnanum Che Guevara og sjá má appelsínugula liti í klæðnaði annarra hljómsveitarmeðlima. Laginu vegnaði þó ekki sérstaklega vel í lokakeppni Eurovision, en það endaði í 19. sæti af 24 með 30 stig. Uppskar lagið þó mikil fagnaðarlæti á meðal áhorfenda sem staddir voru í salnum á meðan keppni stóð (Stojanović og Grytsak, 2005b).

## *Úkraína 2016*

Árið 2016 var ástandið eldfimt á milli Úkraínu og Rússlands vegna átaka landanna tveggja í tengslum við Krímskagann<sup>13</sup>. Sambandið á milli þjóðanna tveggja var einnig brothætt þegar kom að Eurovision og átti úkraínska framlagið árið 2016 ekki eftir að bæta það samband. Lagið „1944“, sungið af söngkonunni Jamölu, var valið sem framlag Úkraínu í forkeppni þar í landi og átti strax eftir að vekja athygli. Jamala á uppruna sinn að rekja til Krímtatara,

<sup>11</sup> Á úkraínsku: „Razom nas bahato, nas ne podolati“.

<sup>12</sup> Á ensku: „We won't stand this (No), revolution is on“.

<sup>13</sup> Nánari útlistun á ástæðum átakanna má sjá í undirkaflanum *Rússland og Úkraína 2017*.

austurevrópsk-tyrknesks þjóðarbrots sem telst til innfæddra íbúa Krímskagans, og sótti innblástur til þess uppruna þegar kom að lagasmíð sinni. Titillinn „1944“ vísar til ársins er Sovétmenn, með Jósef Stalín í fararbroddi, vísuðu Krímtöturum burt frá Krímskaganum og sendu þá til útleigðar í Mið-Asíuhluta Sovétríkjanna, en Sovétmenn álitu Krímtatara vera hliðholla nasistum (Brown, 2016).

Fljótlega spratt upp gagnrýni vegna pólitísku undirtóns lagsins og tóku forsvarsmenn Eurovision lagið fyrir til að skera úr um hvort textinn væri á skjön við reglur keppinnar. Sem dæmi má taka upphafslínur lagsins sem hægt er að þýða yfir á íslensku sem „þegar ókunnugir koma, koma þeir að húsi þínu, þeir myrða ykkur öll en segja, við erum ekki sekir“<sup>14</sup> (Jamala, 2016). Jamala sjálf hélt því stöðugt fram að texti lagsins væri af sögulegum toga og væri til minningar um hennar eigin fjölskyldu sem var numin á brott frá heimalandi sínu. Ýmislegt benti þó til þess að lagatextinn vísaði einnig til ástandsins á Krímskaganum þá stundina og þegar Rússar innlimuðu skagann árið 2014. Jamala viðurkenndi jafnvel sjálf að nýlegir atburðir hefðu veitt henni innblástur, en lýsti því þannig að ekki væri hægt að vera listamaður sem ekki getur ferðast til síns heima vegna pólitísku ástands án þess að semja og syngja um það. Vildi hún þó alls ekki meina að lagið innihéldi pólitískan áróður eða væri beint að Rússlandi (Lee Adams, 2016; Stephens, 2016). Hvort sem lagið hafi verið af pólitískum toga eða sögulegum, þá vakti það mikla lukku meðal áhorfenda og stóð að lokum uppi sem sigurvegari Eurovision 2016. Forsvarsmenn rússneska sjónvarpsins sættu sig þó ekki við úrslitin og fóru fram á að skoðað yrði hvers vegna lag með jafn sterkum pólitískum undirtón hafi fengið að taka þátt í keppinni. Ekkert varð úr slíkri rannsókn, enda hafði EBU komist að þeirri niðurstöðu fyrir keppni að leyfa lagið (Walker, 2016)

---

<sup>14</sup> Á ensku: „When strangers are coming, they come to your house. They kill you all and say, we're not guilty, not guilty“.

## Umræður

Í þessari yfirferð sést að birtingarmynd hins pólitíska landslags er til staðar í Eurovision, en sýnileg dæmi um átök og ágreining á milli þjóða eru þó mismunandi eftir staðsetningu innan Evrópu. Af þeim tilvikum sem farið er yfir í þessari ritgerð er áberandi austur-evrópsk slagsíða. Hér skipta þjóðir sem tilheyrðu fyrrum Sovétríkjunum miklu máli, með Armeníu, Aserbaísjan, Rússland, Georgíu og Úkraínu í aðalhlutverki og ágreiningur þeirra á milli mest áberandi á öðrum áratug 21. aldar. Átök á milli þjóða sem tilheyrðu áður Júgóslavíu virðast einskorðast við tíunda áratug 20. aldar. Átök eða ágreiningur á milli þjóða í Vestur-Evrópu er hins vegar ekki eins sjáanlegur. Er þetta áhugavert í ljósi þess að í upphafi var keppninni ætlað að sameina vestur-evrópskar þjóðir eftir langt og strangt tímabil átaka, þar sem bæði fyrri og seinni heimsstyrjöldin höfðu hvað mestu áhrifin. Út frá því hvernig birtingarmynd átaka og ágreinings kemur fram í Eurovision mætti álykta að „átakasvæði“ sé ekki lengur að finna í Vestur-Evrópu, eins og það hafði að hluta til verið í heimsstyrjöldunum tveimur, en þess í stað færst algjörlega yfir til austurhluta álfunnar og að vesturhlutinn sé nú tiltölulega laus við efnisleg átök. Ekki er þó hægt að segja til um hvort hreinn hugmyndafræðilegur eða huglægur ágreiningur sé ekki til staðar í Evrópu, þá sérstaklega í Vestur-Evrópu, nema þá að slíkur ágreiningur virðist ekki endurspeglast með jafn áberandi hætti og sá efnislegi í Eurovision.

Ekki þarf þó að kafa djúpt í keppnina til að sjá þann menningarlega mun sem fyrirfinnst á milli þátttökuþjóða. Eins konar menningarleg skautun sést bersýnilega á því að Júgóslavía var í raun eina landið sem tilheyrði Austur-Evrópu, nánar tiltekið hinum slavneska hluta Austur-Evrópu, sem tók þátt í Eurovision til ársins 1992. Árið 1993 urðu ákveðin þáttaskil í Eurovision þegar fyrstu löndin sem áður höfðu tilheyrt kommúnískum sambandsríkjum hófu þátttöku. Tók það þó tíma fyrir þjóðir Austur-Evrópu að ná raunverulegum árangri í keppninni, en Eistland var fyrsta landið úr austurhluta álfunnar til að sigra árið 2001 síðan Júgóslavía vann 1989. Með þátttöku sinni í Eurovision hafa þjóðir í austurhluta Evrópu því náð að tengjast þeim í vesturhlutanum betur í gegnum þennan árlega sjónvarpsviðburð, þótt menningarlegan mun megji sjá á framlögum allra þeirra þjóða sem taka þátt hverju sinni.

Af þeim tilvikum sem tekin voru fyrir má sjá eina þjóð skera sig úr hópnum. Vera Ísraels í Eurovision er umdeilanleg, þá sérstaklega á meðal aðdáenda keppinnar, og á nánast

hverju ári sprettur upp umræða um hvers vegna Ísrael sé með. Ísrael tilheyrir ekki Evrópu landfræðilega séð, heldur Miðausturlöndum eða Asíu, en fær að vera með einfaldlega vegna þess að ísraelska ríkissjónvarpið er aðili að EBU. Samband Ísraels við Evrópu nær langt aftur og þá sérstaklega við þjóðir í Vestur-Evrópu í tengslum við seinni heimsstyrjöldina. Vegna þess hefur tilhneigingin verið sú að telja Ísrael til vestur-evrópskrar þjóðar þegar kemur að Eurovision (West, 2017; Yair, 1995). Nokkuð ljóst er því að svo lengi sem Ísrael hefur aðild að EBU fær landið að vera með í Eurovision. Styður tilvera Ísraels í keppninni í raun yfirlýsingar EBU um að keppnin sé af ópólitískum toga, þar sem pólitískt samband Ísraels við umheiminn á ekki að hafa áhrif á þátttöku landsins í Eurovision.

Eurovision er einn stærsti vettvangurinn fyrir evrópskar þjóðir til að vekja athygli á sér á meðal almennings. Skiljanlegt er því að þátttökuþjóðir nýti sér þetta tækifæri til að koma sjálfum sér og sínum sjónarmiðum á framfæri, hvort sem þau eru af menningarlegum eða pólitískum toga. Stjórnmal og pólitísk umræða er stór hluti af sjálfsmynd hvernar þjóðar og því mikilvægur þáttur í samfélagslegri umræðu. Erfitt er fyrir forsvarsmenn EBU að halda því til streitu að viðhalda Eurovision sem sjónvarpsviðburði sem gert er að endurspegla hið fjölbreytta samfélag Evrópu en á sama tíma vera óháð pólitísku landslagi álfunnar.

Í upphafi þessa verkefnis var spurt hvort forsvarsmenn Eurovision geti í raun komið í veg fyrir að keppnin verði fyrir pólitískum áhrifum, ásamt því hvort líta ætti á Eurovision einfaldlega sem skemmtiþátt eða hvort keppnin endurspegli pólitískt landslag Evrópu. Stjórnmal eru stór partur af evrópsku samfélagi og því er erfitt að ætla sér að útiloka einn samfélagslegan þátt á meðan aðrir þættir, til dæmis menningarlegir, eru upphafðir. Ekki er því hægt að líta á Eurovision sem einfaldan skemmtiþátt í sjónvarpi sem eingöngu er til dægrastyttingar. Pólitískt landslag Evrópu er órjúfanlegur hluti af keppninni og saga keppninnar endurspeglar þannig sögu Evrópu. Vel er hægt að setja því einhverjar skorður um hversu langt má ganga í beinum pólitískum skírskotunum, en ómögulegt er að halda keppninni algjörlega ósnortinni af pólitískum áhrifum.



## Heimildaskrá

- Aderemi, D. (2012, 7. mars). *Armenia Withdraws from Eurovision: Why Europe Should Be in Mourning*. wiwibloggs. <https://wiwibloggs.com/2012/03/07/armenia-withdraws-from-eurovision-why-europe-should-be-mourning/14960/>
- Ásrún Brynja Ingvarsdóttir. (2019, 20. september). *RÚV sektað fyrir Palestínuborða Hatara*. RÚV. <https://www.ruv.is/frett/ruv-sektad-fyrir-palestinuborda-hatara>
- Baker, C. (2008). Wild Dances and Dying Wolves: Simulation, Essentialization, and National Identity at the Eurovision Song Contest. *Popular Communication*, 6(3), 173–189. <https://doi.org/10.1080/15405700802198113>
- Baker, C. (2015). Gender and Geopolitics in the Eurovision Song Contest. *Contemporary Southeastern Europe*, 2(1), 74–93.
- BBC News. (2009, 19. febrúar). *Putin jibe picked for Eurovision*. BBC News. <http://news.bbc.co.uk/2/hi/entertainment/7899014.stm>
- BBC News. (2012, 7. mars). *Armenia pulls out of Azerbaijan-hosted Eurovision show*. BBC News. <https://www.bbc.com/news/world-europe-17292360>
- BBC News. (2020, 12. nóvember). *Armenia-Azerbaijan: Why did Nagorno-Karabakh spark a conflict?* BBC News. <https://www.bbc.com/news/world-europe-54324772>
- Blackwill, R. D. og Sestanovich, S. (e.d.). *Conflict in Ukraine*. Global Conflict Tracker. <https://cfr.org/global-conflict-tracker/conflict/conflict-ukraine>
- Bolin, G. (2006). Visions of Europe: Cultural technologies of nation-states. *International Journal of Cultural Studies*, 9(2), 189–206. <https://doi.org/10.1177/1367877906064030>
- Bratten, M. (leikstjóri) og Stockselius, S. (framleiðandi). (2000, 13. maí). *Eurovision Song Contest Stockholm 2000* [sjónvarpsviðburður]. SVT.

- Brown, M. (2016, 22. febrúar). *Ukraine's Eurovision entry takes aim at Russian oppression*. The Guardian. <http://www.theguardian.com/world/2016/feb/22/ukraines-eurovision-entry-takes-aim-at-russian-oppression>
- Brynjólfur Þór Guðmundsson. (2019, 19. maí). *Þúsundir vilja útiloka Ísland frá Eurovision*. RÚV. <https://www.ruv.is/frett/thusundir-vilja-utiloka-island-fra-eurovision>
- CNN Editorial Research. (2021, 25. mars). *2008 Georgia Russia Conflict Fast Facts*. CNN. <https://www.cnn.com/2014/03/13/world/europe/2008-georgia-russia-conflict/index.html>
- Corpădean, A.-G. (2018). What Macedonia? Some considerations on the current perceptions of the name dispute amid FYROM's EU integration bid. *On-line Journal Modelling the New Europe*, 26, 15–25. <https://doi.org/DOI:10.24193/OJMNE.2018.26.02>
- Cowap, P. (leikstjóri) og Clausen, C. (framleiðandi). (1994, 30. apríl). *Eurovision Song Contest 1994 Dublin* [sjónvarpsviðburður]. Raidió Teilifís Éireann (RTÉ).
- Cutugno, T. (1990). *Insieme: 1992* [Lag]. EMI.
- Egill Helgason. (2019, 3. mars). Hatari fær óblíðar viðtökur í ísraelsku pressunni – rætt um að þeim verði vísað úr keppni [aðsend grein]. DV. <https://www.dv.is/eyjan/2019/03/03/hatari-faer-oblidar-vidtokur-israelsku-pressunni-raett-um-ad-theim-verdi-visad-ur-keppni/>
- ESC Reference Group. (2016). *Eurovision Song Contest Official Flag Policy*. <https://www.coc.nl/wp-content/uploads/2016/04/EBU-Eurovision-Songcontest-Flag-Policy-249b3214e9.pdf>
- European Broadcast Union-EBU. (2016, 11. maí). *Official statement on the use of Nagorno-Karabakh flag at Eurovision Song Contest:...* [stöðuuppfærsla]. Facebook. <https://www.facebook.com/EBU.HQ/posts/1045195205572896>

Eurovision Song Contest. (2016, 6. maí). *After reflection and constructive talks...*  
[stöðuuppfærsla]. Facebook.  
<https://www.facebook.com/EurovisionSongContest/posts/10154168449088007>

Eurovision.tv. (2015, 19. október). *A diamond day for the Eurovision Song Contest.*  
Eurovision.Tv. <https://eurovision.tv/story/a-diamond-day-for-the-eurovision-song-contest>

Eurovision.tv. (e.d.a). *In a Nutshell.* Eurovision.Tv. <https://eurovision.tv/history/in-a-nutshell>

Eurovision.tv. (e.d.b). *Rules.* Eurovision.Tv. <https://eurovision.tv/about/rules/>

Eurovision.tv. (e.d.c). *Serbia.* Eurovision.Tv. <https://eurovision.tv/country/serbia>

Eurovisionworld.com. (e.d.a). *Eurovision 2005 Ukraine: Greenjolly - „Razom Nas Bahato“.*  
Eurovisionworld. <https://eurovisionworld.com/eurovision/2005/ukraine>

Eurovisionworld.com. (e.d.b). *Serbia & Montenegro: Evropesma 2006.* Eurovisionworld.  
<https://eurovisionworld.com/national/serbia-montenegro/evropesma-2006>

Faney Hólmfríður Kristjánsdóttir. (2019, 29. apríl). *Vilja að Hatari dragi sig úr Eurovision.*  
RÚV. <https://www.ruv.is/frett/vilja-ad-hatari-dragi-sig-ur-eurovision>

Fazla. (1993). *Sva bol svijeta* [Lag]. RTV BIH.

Goldenberg, S. (2000, 12. maí). *Outraged Israel disowns daring Eurovision entry.* The  
Guardian. <http://www.theguardian.com/world/2000/may/12/israel>

Greenjolly. (2005). *Razom Nas Bahato* [Lag]. Universal Music; Ukrainian Records.

Halpin, C. (2017a, 23. mars). *EBU gives Julia Samoylova chance to participate at Eurovision 2017 via satellite...but Russia declines „strange offer“.* Wiwibloggs.  
<https://wibloggs.com/2017/03/23/ebu-offer-julia-samoylova-to-participate-via-satellite-at-eurovision-2017/182378/>

- Halpin, C. (2017b, 13. apríl). *CONFIRMED: Russia will not compete at Eurovision 2017...even as EBU condemns Ukraine's ban of Julia Samoylova*. Wiwibloggs.  
<https://wivibloggs.com/2017/04/13/russias-channel-one-will-not-broadcast-eurovision-as-ebu-unable-to-confirm-julia-samoylovas-participation/186161/>
- Hepp, A. og Couldry, N. (2010). Introduction: media events in globalized media cultures. Í N. Couldry, A. Hepp og F. Krotz (ritstj.), *Media events in a global age* (bls. 1–20). Routledge.
- Hoare, L. (2016, 12. maí). *Throwback: Remembering PingPong, Israel's Disastrous Eurovision 2000 Entry*. Tablet Magazine. /sections/news/articles/throwback-pingpong-israels-disastrous-eurovision-2000-entry
- Jamala. (2016). *1944* [Lag]. Enjoy.
- Jelinek, D., Hofwander, R., Stojanović, S. (leikstjórar), Bernhagen, J. og Österdahl, M. (framleiðendur). (2016, 10. maí). *Eurovision Song Contest 2016 - Semifinal 1* [sjónvarpsviðburður]. SVT.
- Jonze, T. (2009, 11. mars). *Eurovision 2009: Georgia pulls out of contest over „Putin song“*. The Guardian. <http://www.theguardian.com/music/2009/mar/11/georgia-eurovision-song-contest-2009>
- Júlía Margrét Einarsdóttir. (2019, 8. maí). *Höfum vald til að setja okkar mál á dagskrá*. RÚV.  
<https://www.ruv.is/frett/hofum-vald-til-ad-setja-okkar-mal-a-dagskra>
- Katz, E. (1980). Media Events: The Sense of Occasion. *Studies in Visual Communication*, 6(3), 84–89. <https://doi.org/10.1111/j.2326-8492.1980.tb00125.x>
- Kyriakidou, M., Skey, M., Uldam, J. og McCurdy, P. (2018). Media events and cosmopolitan fandom: ‘Playful nationalism’ in the Eurovision Song Contest. *International Journal of Cultural Studies*, 21(6), 603–618. <https://doi.org/10.1177/1367877917720238>

- Lee Adams, W. (2011, 23. júlí). *As Azerbaijan Prepares to Host Eurovision 2012, Armenians Worry About Safety*. Wiwibloggs. <https://wibloggs.com/2011/07/23/as-azerbaijan-prepares-to-host-eurovision-2012-armenians-wonder-about-safety/11894/>
- Lee Adams, W. (2016, 27. mars). *Ukraine's Jamala: There is no political statement in my Eurovision song „1944“*. Wiwibloggs. <https://wibloggs.com/2016/03/27/ukraines-jamala-no-political-statement-eurovision-song-1944/135965/>
- Lee Adams, W. (2017, 22. mars). *Ukraine bans Russia's Eurovision 2017 singer Yulia Samoylova from entering country over link to Crimea*. Wiwibloggs. <https://wibloggs.com/2017/03/22/ukraine-bans-russias-eurovision-2017-singer-yulia-samoylova-entering-country/182149/>
- Lynskey, D. (2005, 18. maí). *What will Terry Wogan think?* The Guardian. <http://www.theguardian.com/music/2005/may/19/ukraine.bbc>
- Muldoon, P. (2019, 5. maí). *Iceland's Hatari want to raise awareness of the situation in Israel*. Wiwibloggs. <https://wibloggs.com/2019/05/05/hatari-we-have-the-power-to-address-the-absurdity-of-having-eurovision-in-a-country-thats-scarred-by-conflict-and-disunity/238515/>
- Nimetz, M. (2020). The Macedonian “Name” Dispute: The Macedonian Question—Resolved? *Nationalities Papers*, 48(2), 205–214. <https://doi.org/10.1017/nps.2020.10>
- Notaro, A. (leikstjóri) og Miller, L. (framleiðandi). (1993, 15. maí). *Eurovision Song Contest Millstreet 1993* [sjónvarpsviðburður]. Raidió Teilifís Éireann (RTÉ).
- O'Connor, J., Kennedy. (2005). *Eurovision Song Contest: 50th Anniversary - The Official History*. Carlton Books Limited.
- Piotrowska, A. G. (2020). The Eurovision Song Contest – A Continent (still) Divided? *Journal of Historical Sociology*, 33(3), 371–388. <https://doi.org/10.1111/johs.12285>

- Posner, G. (leikstjóri), Bishop, K. og King, J. (framleiðendur). (1998, 9. maí). *Eurovision Song Contest Birmingham 1998* [sjónvarpsviðburður]. BBC.
- Poulsen, T. M., Allcock, J. B. og Lampe, J. R. (2020). Serbia | History, Geography, & People. Í *Encyclopedia Britannica*. <https://www.britannica.com/place/Serbia>
- Radnitz, S. (2019). Reinterpreting the enemy\_ Geopolitical beliefs and the attribution of blame in the Nagorno-Karabakh conflict | Elsevier Enhanced Reader. *Political Geography*, 70, 64–73. <https://doi.org/doi.org/10.1016/j.polgeo.2019.01.009>
- Reilly, N. (2019, 11. mars). Israel could ban Icelandic „anti-capitalist BDSM techno band“ Hatari from Eurovision. *NME*. <https://www.nme.com/news/music/israel-ban-icelandic-bdsm-metal-band-eurovision-2460139>
- Rosenberg, S. (2012, 13. maí). The Cold War rival to Eurovision. *BBC News*. <https://www.bbc.com/news/magazine-18006446>
- Sakwa, R. (1999). *The Rise and Fall of the Soviet Union 1917-1991*. Routledge.
- Simone. (1990). *Keine Mauern Mehr* [Lag]. CBS.
- Stephens, H. (2016, 15. maí). *Eurovision 2016: Ukraine's Jamala wins with politically charged 1944*. The Guardian. <http://www.theguardian.com/tv-and-radio/2016/may/14/ukraine-wins-eurovision-jamala-1944>
- Stojanović, S. (leikstjóri) og Grytsak, P. (framleiðandi). (2005a, 19. maí). *Eurovision Song Contest Kyiv 2005 - Semifinal* [sjónvarpsviðburður]. National Television Company of Ukraine (NTU).
- Stojanović, S. (leikstjóri) og Grytsak, P. (framleiðandi). (2005b, 21. maí). *Eurovision Song Contest Kyiv 2005 - Final* [sjónvarpsviðburður]. National Television Company of Ukraine (NTU).

- Stojanović, S. (leikstjóri) og Osma, B. (framleiðandi). (2004, 12. maí). *Eurovision Song Contest Istanbul 2004 - Semifinal* [sjónvarpsviðburður]. Turkish Radio and Television Corporation (TRT).
- Stokkan, K. (1990). *Brandenburger Tor* [Lag]. Cowboy Records.
- Suomi, T. (leikstjóri) og Seppälä, H. (framleiðandi). (2007, 12. maí). *Eurovision Song Contest Helsinki 2007 - Final* [sjónvarpsviðburður]. Yleisradio (Yle).
- Thompson, N. (2017, 3. febrúar). *Ukraine: Everything you need to know about how we got here*. CNN. <https://www.cnn.com/2015/02/10/europe/ukraine-war-how-we-got-here/index.html>
- Ukrainitz, A., Magazanik, S., Cohen, Y. (leikstjórar) og Davidovich, Z. (framleiðandi). (2019, 18. maí). *Eurovision Song Contest 2019 - Final* [sjónvarpsviðburður]. Israeli Public Broadcasting Corporation - IPBC.
- Walker, S. (2016, 15. maí). *Anger in Moscow, joy in Kiev, after Ukraine's Eurovision triumph*. The Guardian. <http://www.theguardian.com/tv-and-radio/2016/may/15/moscow-kiev-ukraine-eurovision-russia-boycott-jamala-1944>
- West, C. (2017). *Eurovision! A history of modern Europe through the world's greatest song contest*. Melville House.
- Yair, G. (1995). 'Unite Unite Europe' The political and cultural structures of Europe as reflected in the Eurovision Song Contest. *Social Networks*, 17(2), 147–161. [https://doi.org/10.1016/0378-8733\(95\)00253-K](https://doi.org/10.1016/0378-8733(95)00253-K)
- Zasenko, O. E., Makuch, A., Yerofeyev, I. A., Kryzhanivsky, S. A., Stebelsky, I. og Hajda, L. A. (2021). Ukraine - The Orange Revolution and the Yushchenko presidency. Í *Encyclopedia Britannica*. <https://www.britannica.com/place/Ukraine/The-Orange-Revolution-and-the-Yushchenko-presidency>